

Mál nr. 21/2018

Ár 2019, þriðjudaginn 5. mars var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 21/2018

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda HRFÍ sem barst siðanefnd 21. nóvember 2018 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða X hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B án þess að tíkin hafi verið með gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 29. nóvember 2018 og henni gefinn frestur til að andmæla til 27. desember 2018. Þar sem tilmælum um andmæli var ekki svarað voru þau ítrekuð með bréfi dags. 16. janúar 2019 og gefinn viðbótarfrestur til 23. janúar. Viðbótarsvarfrestur var ekki heldur virtur og þar eð siðanefnd taldi að útséð væri um andsvör af hálfu kærðu var ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 18. september 2018 var tíkin A pöruð við rakkann B. Við pörunina var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Hundarnir eru af kyninu Chinese crested og er tíkin í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða svaraði ekki ítrekuðum tilmælum siðanefndar um andsvör og hafði ekki upp neinar varnir í málinu og var málið tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna frá skrifstofu HRFÍ.

### III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir pörun um heilsufarsskoðun. Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla VI. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina Chinese crested:

„Augnvottorð : Augnskoða skal öll ræktunardýr og má augnvottorð ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun. Hundar sem greinst hafa með retinopathy (Pigmentary chorioretinopathy) fara í ræktunarbann. Varðandi ræktun hunda sem greinst hafa með aðra arfgenga augnsjúkdóma skal alfarið fylgja leiðbeiningum þeirra dýralækna sem augnskoða hundana. (Gildir frá 01.09.2016) Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Í málinu liggur fyrir að þegar pörun fór fram hinn 18.september 2018 hafði tíkin ekki gilt augnvottorð en ljóst er að við pörun hunda af kyninu Chinese crested skal liggja fyrir gilt augnvottorð. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða hefur ekki gefið nein svör eða skýringar né haldið uppi vörnum í málinu. En kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegur við reglur félagsins og er það mat nefndarinnar að hæfileg viðurlög við brotinu sé áminning.

#### IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

---

Hilmar Sigurgíslason

---

Kristín Fjóra Fannberg

---

Kristín Sveinbjarnardóttir